

104. Fundur rekstrarnefndar Klausturhóla haldinn 03.03 2015 kl 13:00 í fundarsal Skaftárhrepps

Mætt eru á fundinn: Kjartan Magnússon, Sigurlaug Jónsdóttir, Elín Heiða Valsdóttir og varamenn Ragnheiður Símonardóttir og Hörður Davíðsson. Rannveig Bjarnadóttir fulltrúi starfsmanna og Anna Gyða Gunnlaugsdóttir hjúkrunarforstjóri.

Kjartan formaður setur fundinn og biður fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar. Formaður fór yfir þau atriði sem rædd voru á síðasta fundi. Varðandi niðurfellingu á viðskiptaskuld Hjúkrunarheimilisins við Skaftárhrepp hafa fengist þau svör frá sveitarstjórn að rekstrarnefnd sendi erindi til sveitarstjórnar þar sem óskað verði formlega eftir að skuldin verði felld niður. Formanni falið að ganga frá erindinu. Önnur verkefni s.s. húshitunarmál eru í vinnslu.
2. Rekstraryfirlit jan.-feb. 2015. Rekstraryfirlit fyrir þessa tvo fyrstu mánuði ársins er ekki fullklárað m.a. vegna þess að reikningar hafa ekki borist. Rekstrarstaða lítur ágætlega út.
3. Innsend bréf og erindi.
 - a. Bréf til rekstrarnefndar frá sveitarstjóra Skaftárhrepps, dags. 13. Janúar. 2015. Svar um styrk handa Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Klausturhólum. Fram kemur að beiðni rekstrarnefndar um framlag á móti leigu Klausturhóla vegna ársins 2014 var samþykkt. Ennfremur kemur fram að sveitarstjórn sá sér ekki fært að framlag vegna leigu ársins 2015 yrði haldið inni í fjárhagsáætlun ársins. Rekstrarnefnd er bent á að sækja um framlag vegna 2015 á haustmánuðum.
 - b. Bréf frá Önnu Gyðu Gunnlaugsdóttur hjúkrunarforstjóra dags. 29. Janúar 2015. Þar lýsir hún annarsvegar áhyggjum sínum af húsnæðisskorti fyrir starfsfólk Klausturhóla og hins vegar skorti á viðhaldi á húsnæði Klausturhóla.

Anna Gyða fór yfir stöðu hjúkrunarheimilisins og erfiðleika í að ráða starfsfólk vegna húsnæðisskorts. Umræður urðu um málið og ljóst að vinna þarf að því að hjúkrunarheimilið hafi aðgang að föstu húsnæði fyrir starfsmenn. Ákveðið að ræða við sveitarstjórn varðandi frágang í kjallara Klausturhóla. Með það fyrir augum að nýta það húsnæði fyrir starfsfólk. Formanni falið að vinna að málinu.

Varðandi stærri viðhaldsverkefni þarf að vinna áfram að forgangsröðun og framkvæmd verkefna.
 - c. Skýrsla frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, dags. 16. September 2014. Fram koma athugasemdir við nokkur atriði innan heimilisins. Umsjónarmaður fasteigna vinnur að málunum.
4. Önnur mál
 - a. Formaður fór yfir samanburð sem hann hefur gert á kostnaði hjúkrunarheimila vegna þjónustusamninga við heilbrigðisstofnanir.
 - b. Rannveig benti á að við ákveðnar aðstæður s.s. mikla hláku hefur einstöku sinnum lekið inn í kjallar Klausturhóla. Formaður fer yfir málið með umsjónarmanni fasteigna.

UKP
AGB
RHS
AD
RHS

- c. Formaður lagði fram til kynningar erindi sem barst með tölvupósti til formanns rekstrarnefndar daginn fyrir fund. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
 - d. Anna Gyða skýrði frá breytingum á simakerfi og nettengingum innanhúss. Til þess að ljúka málinu þarf að kaupa inn router fyrir kerfið. Einnig skýrði hún frá því að þvottavél heimilisins er biluð og liggur fyrir að kaupa nýja.
 - e. Anna Gyða lýsir óánægju sinni vegna afgreiðslu rekstrarnefndar á erindi sínu vegna launakjara dags. 12. janúar 2015. Erindið var afgreitt á fundi rekstrarnefndar 24. febrúar síðastliðinn.
 - f. Formaður skýrði frá fundi sem hann átti með sveitarstjórn um rekstur og starfsemi hjúkrunarheimilisins.
5. Næsti fundur rekstrarnefndar er áætlaður 21.april næstkomandi.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl 15:40

Hákon Magnússon

Anna Gyða

Ragnheiður Elín Simonardóttir

Elín Heiða

Elín Heiða Valsdóttir

Sigurlaug Jónsdóttir